



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



KENNASAMBAND ÍSLANDS

**Bréf sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga,
skólaskrifstofa og skólastjórnenda leik- og
grunnskóla**

Reykjavík 6. júlí 2017

1511094SA KEF/HDG
Málalykill: 04.00

**Efni: Athygli vakin á niðurstöðum tilraunaverkefnis um hljóðvist í þremur
leikskólum á Akureyri**

Sífelld meiri áhersla er lögð á bættan námsárangur, góða heilsu og vellíðan nemenda í skólakerfinu og huga þarf að mörgum þáttum. Meðal þeirra er námsumhverfi barna, en þar skiptir hljóðvist verulegu máli. Börn þurfa á mun betri hljóðvist að halda heldur en fullorðnir til að geta haldið einbeitingu, athygli og heyrt sér til skilnings. Það er því rík ástæða til að tryggja þeim eins góð hlustunarskilyrði og kostur er og minnka áreiti í námsumhverfi þeirra. Skólar eru einnig vinnustaðir fullorðinna og mælingar Vinnueftirlitsins á hávaða í skólum sýna að hávaði fer stundum í og yfir þau mörk sem talin eru skaðleg heyrn auk þess sem mikill hávaði getur ógnað raddheilsu starfsfólks.

Akureyrarkaupstaður, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið fóru haustið 2015 af stað með tilraunaverkefni sem ætlað var að kortleggja hvað í starfsumhverfi leikskóla valdi mestum hávaða og hvaða leiðir eru bestar til að sporna við hávaða og bæta hljóðvist í leikskólum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrkti verkefnið.

Valdir voru þrjár leikskólar á Akureyri; Krógaból, Lundarsel og Naustatjörn. Gerðar voru mælingar haustið 2015 og í kjölfar þeirra var ráðist í úrbætur á húsnæði, skipulag starfsins var endurskoðað og efnt var til fræðslu um hljóðvist, hávaða, rödd og raddheilsu fyrir starfsfólk og börn leikskólanna. Haustið 2016 var mælingin endurtekin.

Marktækur munur var á upplifun starfsmanna af hávaða milli mælinga. Umbætur á húsnæði og aðbúnaði skiluðu sér mjög vel að mati starfsfólks. Eftir íhlutunina upplifði starfsfólk minni hávaða í ákveðnum rýmum (matsal), á ákveðnum tímum (matartíma, frjálsum leik), minni hávaða í húsgögnum (borðum, stólum, viftum og hurðum) og minni glymjanda í húsnæðinu. Breytingar á skipulagi, varðandi t.d. matartíma, útiveru og frjálsan leik, leiddu auk þess til þess að starfsfólk kvartaði minna undan hávaða á þeim tímum dagsins.

Mat starfsfólks á eigin raddheilsu versnaði hins vegar á milli 2015 og 2016. Starfsfólk taldi sig finna fyrir fleiri raddveileinkennum síðara árið. Líkleg skýring á því þykir vera sú að í millitíðinni hafði starfsfólk verið frætt um líkamleg einkenni sem fylgja raddveilum og það orðið meðvitaðra um raddheilsu sína.

Þá kom fram að starfsfólk leikskólanna þriggja fann helst fyrir streitu í miklum hávaða þegar unnið var með stóra hópa barna í frjálsum tímum. Lögðu flestir starfsmenn til að fækkað yrði í hópum til að draga mætti úr hávaða.

Það er mat aðstandenda verkefnisins að lærdómur verkefnisins sé í hnotskurn þessi:

- Finna þarf orsakir hávaða í hverjum skóla
- Úrbætur á umhverfi bera árangur
- Skipulag og kennsluhættir geta dregið úr hávaða
- Auka þarf þekkingu á raddvernd og hávaða, bæði meðal starfsfólks og barna
- Efla þarf fræðslu um málaflokkinn
- Hávaði getur valdið álagi og streitu

Með bréfi þessu hvetja samstarfsaðilar þá sem koma að starfi og rekstri leik- og grunnskóla til að nýta sér niðurstöður verkefnisins í viðleitni sinni til að draga úr hávaða í skólum með það að markmiði að bæta öryggi, líðan og starfsumhverfi barna og fullorðinna. Það er einlæg von samstarfsaðila að með umræðu og samhentum átaki muni árangur nást í baráttu við hávaða í námsumhverfi barna og verndun raddheilsu kennara. Aðkoma sveitarfélaga og skólastjórnenda í þeirri baráttu er mikilvæg.

Meðfylgjandi er lokaskýrsla verkefnisins en hana má jafnframt nálgast á heimasíðum Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is og Kennarasambands Íslands, www.ki.is, ásamt fylgiskjöllum. Þar má einnig finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um hljóðvist s.s. lög, reglugerðir, fræðsluefni og leiðbeiningar. Þar er til dæmis fræðsluritið „[Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun](#)“, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar „[Hljóðvistarkröfur í umhverfi barna](#)“ og listi yfir [hagnýt ráð sem eru til þess fallin að draga úr hávaða](#), en ýmislegt er hægt að gera til að draga úr hávaða með litlum tilkostnaði. Þá er vert að benda á nýútkomna skýrslu Umhverfisstofnunar „[Eftirlistsverkefni 2016 - Hávaði í umhverfi barna í leik- og grunnskólum](#)“.

Fyrir hönd samstarfsaðila

Klara E. Finnbogadóttir
sérfræðingur
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hafdís Dögg Guðjónsdóttir
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum
KENNARASAMBAND ÍSLANDS